



Borgarráð

***Samningur við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála 2018-2020***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að þjónustusamningi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands fyrir árin 2018-2020. Kostnaður skv. samningnum er 2.750.000 kr. á hverju ári sammingsins og færist á kostnaðarstað 09510 - ýmsar sammingsbundnar greiðslur.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands hafa átt með sér samstarf allt frá árinu 2003. Markmið samstarfsins er gagnkvæmur ávinningur þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála sem veitir borginni ráðgjöf og aðstoð við sértæk valin verkefni samkvæmt nánara samkomulagi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála 2018-2020.  
Bréf forstöðumanns Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála dags. 22. mars 2018.



## Þjónustusamningur

### milli Reykjavíkurborgar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands

#### 1. gr. Samningsaðilar og markmið samnings

Reykjavíkurborg og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands hafa haft með sér samstarfssamning frá árinu 2003. Markmið samstarfsins er gagnkvæmur ávinningur þar sem Reykjavíkurborg styrkir starf Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála sem veitir borginni ráðgjöf og aðstoð við sértæk valin verkefni samkvæmt nánara samkomulagi. Aðilar eru sammála um að halda áfram samstarfi sínu og gera með sér þjónustusamning um áherslur í samstarfi sínu fyrir árin 2018-2020.

#### 2. gr. Þjónusta

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála veitir Reykjavíkurborg eftirfarandi þjónustu árin 2018-2020:

- Þjónustuverkefni.** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála taki árlega að sér þjónustuverkefni fyrir Reykjavíkurborg skv. nánara samkomulagi. Vinnuframlag stofnunarinnar nemi allt að einum mannmánuði ár hvert á gildistíma samningsins. Miða skal við að samkomulag um útfært þjónustuverkefni liggi fyrir í árslok fyrir næsta starfsár.
- Stjórnsýsluskóli.** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hefur starfrækt stjórnsýsluskóla síðastliðin ár og hafa starfsmenn borgarinnar sótt fjölmörg námskeið á hans vegum. Fjölbreytt námskeiðahald er áfram fyrirhugað á gildistíma samningsins og mun starfsmönnum borgarinnar verða boðin þátttaka. Fræðsludagskrá liggur fyrir í upphafi hvors misseris. Starfsmenn Reykjavíkurborgar fá 30% afslátt af námskeiðum og málþingum sem haldin eru á vegum stofnunarinnar á samningstímanum. Samningsaðilar munu jafnframt skoða leiðir til að formgera samstarf stjórnsýsluskóla stofnunarinnar og Stjórnenda- og stjórnsýsluskóla Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg aðstoði við að kynna námsframboð stofnunarinnar eftir því sem við á.
- Hugmyndabanki um rannsóknarverkefni.** Samningsaðilar halda áfram samstarfi um hagnýt rannsóknarverkefni sem hófst árið 2017 og nýtist bæði Reykjavíkurborg og nemendum Háskóla Íslands. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara tekur saman lista yfir hagnýt rannsóknarverkefni sem nemendur geta tekið að sér og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála sendir listann til kennara og/eða nemenda til kynningar.

4. **Þátttaka í námskeiðum í opinberri stjórnsýslu og kynjafræði.** Samkvæmt nánara samkomulagi við forstöðumann Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og kennara Stjórn málafræðideildar í opinberri stjórnsýslu og kynjafræði, er allt að fimm starfsmönnum Reykjavíkurborgar heimilt að sitja að hluta eða öllu leyti einhver námskeiða Stjórn málafræðideildar í opinberri stjórnsýslu og kynjafræði. Framkvæmdin verður með þeim hætti að fyrir upphaf hvers misseris fer forstöðumaður yfir með kennurum, hvaða námskeið koma þarna til greina, og síðan valið úr þeim með fulltrúa stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Öll nauðsynleg umsýsla er í höndum forstöðumanns Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. Þátttakendur frá Reykjavíkurborg skila ekki verkefnum og fá ekki einingar metnar fyrir námskeiðin.

### **3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur**

Samstarfssamningur þessi gildir fyrir árin 2018-2020. Reykjavíkurborg greiðir Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála kr. 2.750.000 ár hvert fyrir framangreinda þjónustu. Greiðslur fara fram 15. maí árlega kr. 1.500.000 og 15. október árlega kr. 1.250.000 gegn framvísun reikninga.

### **4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir**

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa er hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg. Forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur umsjón með framkvæmd samningsins fyrir hönd stofnunarinnar og er tengiliður hennar við Reykjavíkurborg. Sérstakir tengiliðir verða skipaðir vegna einstakra verkefna.

### **5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál**

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála skal skila greinargerð að loknu hverju starfsári um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar og framvindu samstarfs, í síðasta lagi 1. mars, og ársreikningi stofnunarinnar þegar hann liggur fyrir þó eigi síðar en 30. september. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. Samráðsfundi skal halda árlega þar sem farið er yfir framkvæmd samningsins og verkefnaáætlun komandi starfsárs.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. Stofnunin skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að hún njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

## 6. gr. Eignarréttur og höfundarréttur

Reykjavíkurborg er eigandi gagna sem myndast við vinnslu verkefna samkvæmt samningi þessum. Þeim má ekki dreifa eða afhenda án heimildar Reykjavíkurborgar sem fer með höfundarrétt hugverka og útgáfurétt rita. Fulltrúar stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála skulu virða trúnað og þagnarskyldu um störf sín fyrir Reykjavíkurborg.

## 7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og eru fjárveitingar Reykjavíkurborgar eftir fyrsta ár samningsins með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir það.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur borgin sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð. Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá því að greiðsla var innt af hendi. Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 8. gr. Framsal

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [Dags.]

F.h. Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

\_\_\_\_\_  
Nafn kt.

\_\_\_\_\_  
Nafn kt.



**Dagur B. Eggertsson**

**Borgarstjórinn í Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2018

**Efni: Ósk um endurnýjun samstarfssamnings Reykjavíkurborgar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands.**

Með bréfi þessu er óskað eftir endurnýjun samstarfssamnings milli borgarinnar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, en síðasti samstarfssamingur rann út í árslok 2017.

Hlutverk Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að vera vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila, ríki og sveitarfélög, um eflingu rannsókna, fræðslu og umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu.

Reykjavíkurborg og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hafa átt með sér samstarfssamning síðan 2003. Reykjavíkurborg hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar allt frá stofnun og hefur borgin alla tíð átt fulltrúa í stjórn hennar. Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, kom inn í stjórn sem fulltrúi borgarinnar nú í byrjun árs. Ársskýrsla stofnunarinnar fyrir 2017 liggur fyrir og hefur verið send til tengiliðs á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Mikil gagnkvæm ánægja hefur verið með samstarfið. Stofnunin hefur veitt borginni ráðgjöf og aðstoð á sviðum stjórnsýslu- og lýðræðismála, sem og að stofnunin hefur staðið fyrir stjórnsýslunámskeiðum sem starfsmenn borgarinnar hafa nýtt sér vel. Á móti hefur borgin styrkt starf stofnunarinnar og hefur framlag borgarinnar alla tíð verið lykilþáttur í rekstri stofnunarinnar, og þar með mikilvægur stuðningur við að byggja upp fag- og fræðasvið í opinberri stjórnsýslu.

Síðasti samstarfssamningur var undirritaður á síðasta ári og gildi hann fyrir árið 2017. Undanfarin ár hafa verið gerðir samningar til eins árs í senn, en á fyrstu árum samstarfsins voru gerðir samningar til lengri tíma, til þriggja og fimm ára. Stofnunin óskar nú eftir að það verði gerður samstarfssamningur til þriggja ára (2018-2020).

Með góðum kveðjum.

Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ  
Gimli 241, Sæmundargata 10, 101 Reykjavík  
Sími: 525 5454 /[sjofn@hi.is](mailto:sjofn@hi.is)